

Ed. **564. Frumvarp til laga** [274. mál]
um breyting á lögum nr. 72 1. júní 1972 um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970
um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.
Í stað orðanna „allt að 80 milljónum króna árlega“ í 3. gr. laganna komi: allt
að 160 milljónum króna árlega.

2. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi lögum er kveðið svo á, að ekki megi verja meiru en 80 milljónum
króna árlega til lánveitinga til kaupenda eldri íbúða og til endurbóta á eigin hús-
næði öryrkja.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að hækka þessa upphæð í 160 milljónir
króna.